

## SAMÞYKKT

### **um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.**

#### I. KAFLI

##### **Um skipan borgarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni Reykjavíkurborgar.**

1. gr.

##### *Skipan borgarstjórnar.*

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð fimmtán borgarfulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar.

2. gr.

##### *Sjálfstætt stjórnvald.*

Reykjavíkurborg er sjálfstætt stjórnvald sem stjórnað er af lýðræðislega kjörinni borgarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

##### *Verkefni sveitarfélagsins.*

Reykjavíkurborg annast þau verkefni sem henni er falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Reykjavíkurborg er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hennar, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

#### II. KAFLI

##### **Um borgarstjórn.**

4. gr.

##### *Hlutverk borgarstjórnar.*

Borgarstjórn fer með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, ákvæðum annarra laga og samþykkt þessari.

Borgarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna Reykjavíkurborgar.

5. gr.

##### *Verkefni borgarstjórnar.*

Meðal verkefna borgarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að viðeigandi reglum sé fylgt í störfum Reykjavíkurborgar.
2. Að kjósa forseta og two varaforseta borgarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, borgarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir, sbr. V. kafla sveitarstjórnarlaga, skipa í endurskoðunarnefnd og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja borgarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan Reykjavíkurborgar, ráða eða kjósa borgarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar, deilda og stofnana, setja starfsemi Reykjavíkurborgar reglur og setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárvínarlald Reykjavíkurborgar, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, og gera fjárvagsáætlunar, sbr. 62. gr. sömu laga.

7. Að bera ábyrgð á fjármálum Reykjavíkurborgar, stofnana hennar og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykkta þessarar, og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar borgarinnar til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum Reykjavíkurborgar og þeim sem njóta þjónustu hennar upplýsingar um mál-efni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 6. gr.

##### *Ný borgarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin borgarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi borgarstjórn umboði sínu með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórnna. Nýkjörin borgarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni borgarstjórnarnar innar eða Reykjavíkurborgar eftir að hún tekur við störfum.

Sá borgarfulltrúi í nýkjörinni borgarstjórn sem á að baki lengsta setu í borgarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í borgarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund borgarstjórnar skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

#### 7. gr.

##### *Kjör forseta, varaforseta og skrifara.*

Á fyrsta fundi kýs borgarstjórn forseta borgarstjórnar og two varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs og síðan í júní ár hvert. Fyrsti og annar varaforseti gegna, í þeirri röð, störfum forseta í forföllum hans.

Njóti forseti eða varaforseta ekki lengur stuðnings borgarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseta forfallast varanlega eða fá lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst réttkjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í borgarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölða ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá borgarfulltrúi réttkjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja borgarfulltrúa sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá réttkjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta borgarstjórnar skal hann stjórna kjöri tveggja varaforseta borgarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra.

Borgarstjórn kýs two skrifara og two varaskrifara úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram.

Ef enginn forseta er viðstaddir á fundi borgarstjórnar gegnir starfsaldursforseti forsetastörfum nema borgarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

#### III. KAFLI

##### **Fundir borgarstjórnar og fundarsköp.**

#### 8. gr.

##### *Fundir borgarstjórnar.*

Borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur tvívar í mánuði, fyrsta og þriðja briðjudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 14.00. Borgarstjóri eða borgarstjórn geta ákveðið annan fundarstað.

Aukafundi skal halda þegar forseti borgarstjórnar eða borgarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur borgarfulltrúa óskar þess.

Borgarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn enda sé tillaga um slíkt samþykkt móttatkvæðalaust á næsta borgarstjórnarfundi á undan.

Borgarstjórn er heimilt að fella niður fundi í allt að two mánuði samfellt að sumarlagi. Á meðan á sumarleyfi borgarstjórnar stendur fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur.

#### 9. gr.

##### *Boðun borgarstjórnarfunda.*

Forseti borgarstjórnar boðar til borgarstjórnarfundar.

Fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum að lágmarki tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en sólarhring eftir að ósk þar um berst forseta borgarstjórnar. Fundarboð vegna aukafundar ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring áður en fundur hefst.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að borgarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð og gögn með rafrænum hætti.

#### 10. gr.

##### *Dagskrá borgarstjórnarfundar.*

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við borgarstjóra og forsætisnefnd og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá borgarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta borgarstjórnar og tveggja varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar, svo og kosningu eða ráðningu borgarstjóra.
2. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða: forsætisnefndar, íþróttar- og tómstundaráðs, mannréttindaráðs, menningar- og ferðamálaráðs, skóla- og frístundaráðs, umhverfis- og skipulagsráðs og velferðaráðs.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölulið hér að framan, og þarfnað staðfestingar borgarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og forsætisnefnd, borgarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða borgarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna það forsætisnefnd skriflega fyrir kl. 10.00 á föstudagi fyrir borgarstjórnarfund eða á fundi forsætisnefndar í síðasta lagi.

#### 11. gr.

##### *Tilkynning til íbúa um fundi borgarstjórnar.*

Auglýsa skal fundi borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur og á vef Reykjavíkurborgar með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og greina þar dagskrá fundar. Dagskrá borgarstjórnarfunda skal með sama fyrirvara send fjölmöldum.

Heimilt er að fella niður auglýsingu og tilkynningu til fjölmöðla samkvæmt þessari grein ef aukafundur er boðaður með svo naumum fyrirvara að slíku verði ekki við komið eða hafa skemmi fyrirvara en segir í 1. mgr.

#### 12. gr.

##### *Opnir fundir borgarstjórnar.*

Fundir borgarstjórnar eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málss. Forseti eða borgarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn Reykjavíkurborgar séu viðstaddir.

Óheimilt er að greina opinberlega frá umræðum á lokuðum fundi borgarstjórnar.

## 13. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Borgarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á borgarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæða-greiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

## 14. gr.

*Tvær umræður í borgarstjórn.*

Borgarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal borgarstjórn hafa tvær umræður með a.m.k. tveggja vikna millibili um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

## 15. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.*

Um ritun fundargerða borgarstjórnar fer samkvæmt leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 16. gr.

*Fundarstjórn.*

Forseti borgarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar í gerðabók og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum borgarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarstjórnar.

## 17. gr.

*Vald forseta.*

Skylt er borgarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef borgarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef borgarfulltrúi er víttur tvívar á sama fundi getur forseti lagt til við borgarstjórn að hann verði sviptur málfrælsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef borgarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði borgarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á borgarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti látið vísa honum út.

Leyfi forseta þarf til myndatöku í fundarsal borgarstjórnar.

## 18. gr.

*Afgreiðsla mála.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema borgarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlíð á fundinum.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt þess sé ekki getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra borgarfulltrúa þau afbrigði.

## 19. gr.

*Málfrelsi borgarstjóra o.fl.*

Borgarstjóri skal sitja fundi borgarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í borgarstjórn.

Borgarstjórn getur heimilað að maður utan borgarstjórnar taki til máls á borgarstjórnarfundi ef  $\frac{2}{3}$  borgarfulltrúa samþykkja það.

## 20. gr.

*Málfrelsi.*

Borgarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar.

Hver borgarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða borgarstjóra eða framsögumann svo og borgarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Borgarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

## 21. gr.

*Ávarp ræðumanns.*

Borgarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta borgarstjórnar.

Ræðumaður skal ávarpa einstaka borgarfulltrúa með fullu nafni og titlinum borgarfulltrúi.

Þegar fundargerð er til umræðu skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar eftir að ræða.

Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

## 22. gr.

*Hve oft má tala.*

Borgarfulltrúar mega tala þrisvar við hverja umræðu máls.

Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað borgarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftar en einu sinni undir hverjum dagskrárlíð sé um að ræða athugasemd um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða ef borgarfulltrúi hyggst bera af sér ámæli. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi og getur því tekið til máls oftar en þrisvar.

## 23. gr.

*Ræðutími.*

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími vera allt að tuttugu mínútur. Ræðutími í seinni ræðum má vera allt að tíu mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. er ræðutími takmarkaður við tíu mínútur. Við umræður um mál sem tekin eru á dagskrá samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. og 2. mgr. 16. gr. og umræður utan dagskrár, ákveður forseti takmarkanir á ræðutíma.

Ræðutími borgarfulltrúa sem óskar eftir að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli má vera allt að einni mínútu. Forseti getur þó heimilað lengri ræðutíma við umræður um fundarsköp eða fundarstjórn forseta.

Forseta er heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma borgarfulltrúa ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun og aðalskipulag Reykjavíkurborgar skal ræðutími vera óbundinn.

24. gr.  
*Andsvar.*

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að málí ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari.

Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Svari ræðumaður andsvari er þeim sem andsvar veitti heimilt að veita andsvar öðru sinni og er ræðumanni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veiti fleiri en einn borgarfulltrúi andsvar við sömu ræðu skal ræðumanni að jafnaði veitt færí að svara hverju andsvari fyrir sig.

Orðaskipti í andsvörum mega að jafnaði ekki standa lengur en 16 mínútur í einu. Heimilt er forseta að takmarka ræðutíma í andsvörum enn frekar en skv. 2. mgr., sé fyrirséð að orðaskipti muni að öðrum kosti standa lengur.

Að jafnaði er borgarfulltrúa heimilt að veita andsvar við tveimur ræðum undir hverjum dagskrálið.

25. gr.  
*Umræður dragast á langinn.*

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að ræðutími hvers borgarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímалengd eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en two tíma meðan nokkur borgarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Borgarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp um fjárhagsáætlun.

26. gr.  
*Tillögur og afgreiðsla.*

Borgarstjóri og borgarfulltrúar geta borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og borgarstjórn á úrskurðarvald um. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu borgarstjóra eða nefndar eða með því að samþykkja tillögu um frestun. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

27. gr.  
*Bókun.*

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til mál sem til meðferðar er í borgarstjórn. Óheimilt er þó að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa til mál sem til meðferðar er.

28. gr.  
*Atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Borgarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá borgarfulltrúa sem samþykkja að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótagkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er þannig vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla um það fari fram skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef borgarstjóri óskar eftir því eða fjórir borgarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða borgarfulltrúar atkvæði eftir skrá um borgarfulltrúa í stafrofsröð. Við nafnakall skal forseti greiða

atkvæði síðastur. Nöfn varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum skal byrja.

Við nafnakall svarar borgarfulltrúi þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með málí eða á móti, eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slik afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef borgarfulltrúi óskar þess og borgarstjórn samþykkir.

Ef borgarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta má hann skjóta úrskurðinum til borgarstjórnar sem sker úr án umræðna.

#### 29. gr.

##### *Kosningar.*

Kosningar sem fara fram í borgarstjórn, sbr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Borgarstjórn skal fara að ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynja-hlutfall.

#### 30. gr.

##### *Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi borgarfulltrúa, ráðsfulltrúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákvæðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður Reykjavíkurborgar ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber borgarfulltrúa, ráðsfulltrúa eða starfsmanni Reykjavíkurborgar að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótið að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Borgarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli borgarstjórnar á því.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

#### 31. gr.

##### *Meðferð máls um vanhæfi.*

Borgarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver borgarfulltrúi sé vanhæfur. Borgarfulltrúi sem hlut á að málí má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Borgarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal borgarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

#### 32. gr.

##### *Varamenn í borgarstjórn.*

Varamenn taka sæti í borgarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til borgarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista í borgarstjórn geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir taki sæti hans í borgarstjórn í forföllum aðalmanns í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrið þegar kosning í nefnd fór fram, taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingum um samkomulag skv. 2. mgr. skal leggja fram á fyrsta fundi borgarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils.

#### IV. KAFLI Réttindi og skyldur borgarfulltrúa.

33. gr.

##### *Skyldur borgarfulltrúa.*

Borgarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum borgarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmað forföll hamli.

Aðal- og varamönum í borgarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum Reykjavíkurborgar, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum borgarinnar. Sá borgarfulltrúi sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan borgarstjórnar í jafnlangan tíma getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum borgarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem borgarstjórn felur honum og varða verkefni Reykjavíkurborgar.

Borgarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

34. gr.

##### *Réttur borgarfulltrúa.*

Borgarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra málá.

Borgarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá borgarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni Reykjavíkurborgar eða verkefni hennar.

Mál sem ekki er tilgreint í boðaðri dagskrá borgarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis  $\frac{2}{3}$  hluta fundarmanna.

Borgarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum borgarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum borgarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar.

Vilji borgarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til borgarstjórnar sem sker úr án umræðna.

35. gr.

##### *Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í borgarstjórn á sérhver borgarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í borgarstjórn.

Borgarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi borgarinnar og rekstur.

Óski borgarfulltrúi gagna skal beina því til skrifstofu borgarstjórnar, sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða óvenju viðamikil er borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í borgarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

36. gr.

##### *Siðareglur og góðir starfshættir.*

Borgarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem borgarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 37. gr.

*Lausn frá störfum.*

Telji borgarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í borgarstjórn án óhæfilegs álags getur hann óskað eftir því við borgarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr borgarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar borgarfulltrúi flytur úr sveitarfélagini um stundarsakir má borgarstjórn ákveða, að hans ósk, að hann skuli víkja úr borgarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í Reykjavík. Slík ákvörðun skal tekin áður en borgarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir borgarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi borgarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr borgarstjórn. Ef borgarfulltrúi missir fjárrorreið skal borgarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er svíptingin gildir.

## 38. gr.

*Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í borgarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur borgarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef ½ hlutar viðstaddir borgarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestu eða ef frestu hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í borgarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til skrifstofu borgarstjórnar eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Forföll samkvæmt 2. mgr. taka ávallt til viðkomandi fundar í heild eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í borgarstjórn muni taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í borgarstjórn frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í borgarstjórn skal varamaður hans taka sæti í borgarstjórn frá og með næsta fundi.

## 39. gr.

*Póknun o.fl.*

Borgarfulltrúi skal fá laun úr borgarsjóði fyrir störf sín í borgarstjórn. Haga skal fundum borgarstjórnar þannig að borgarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

Forsætisnefnd skal setja nánari reglur um réttindi, kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa, svo sem um lífeyrissjóð, fæðingarorlof, starfslok, ferða-, dvalar- og ráðstefnukostnað o.fl.

Borgarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

## 40. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur aðalmanna í borgarstjórn eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í borgarstjórn.

## V. KAFLI

**Borgarráð.**

41. gr.

*Kosning borgarráðs.*

Borgarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnnarkosningum kjósa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í borgarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í borgarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna.

Borgarstjóri situr fundi borgarráðs með málfrelni og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé borgarfulltrúi og kjörinn í borgarráð.

42. gr.

*Fundartími borgarráðs.*

Borgarráð skal að jafnaði halda fund vikulega á fimmtudögum. Aukafundi skal halda ef borgarstjóri, formaður borgarráðs eða a.m.k. tveir borgarráðsmenn óska þess.

43. gr.

*Boðun funda borgarráðs.*

Formaður borgarráðs undirbýr borgarráðsfundi í samráði við borgarstjóra.

Borgarráð skal boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Heimilt er að senda rafrænt fundarboð ásamt dagskrá og fundargögnum.

Geti borgarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna skrifstofu borgarstjórnar um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði þótt ekki sé það tilgreint á dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess er óskað.

44. gr.

*Stjórnun borgarráðs.*

Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðs.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarráðs. Um ritun fundargerða borgarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar.

Um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því sem þau geta átt við. Önnur ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir taka jafnframtil til borgarráðs eftir því sem við á.

Borgarráðsfundir eru haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

45. gr.

*Áheyrnarfulltrúar í borgarráði.*

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í borgarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum borgarráðs með málfrelni og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í borgarráði skulu vera aðalmenn í borgarstjórn, sbr. 3. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

*Verkefni borgarráðs.*

Borgarráð fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur umsjón með stjórnslu borgarinnar og undirbúningi fjárhagsáætlana, fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun borgarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja og leggur það fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Borgarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra mála samkvæmt fjárhagsáætlun.

Þá sér borgarráð um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Meðan borgarstjórn er í sumarleyfi fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella.

Þá getur borgarstjórn falið borgarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg.

#### 47. gr.

##### *Starfsmenn.*

Skylt er starfsmönnum borgarinnar að sitja fundi borgarráðs þegar til umræðu eru málefni sem snerta störf þeirra og þess er óskað af borgarstjóra eða borgarráði.

#### 48. gr.

##### *Heimild borgarráðs til fullnaðarákvörðunar og endurupptöku.*

Borgarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, án staðfestingar borgarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli borgarráðsmanna eða við borgarstjóra um slíka afgreiðslu, ef lög eða eðli mál mæla ekki sérstaklega gegn því.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði í sumarleyfi borgarstjórnar telst málið eigi til lykta leitt ef skemmri tími en tvær vikur eru til næsta reglulegs fundar borgarstjórnar, fyrir liggur ákvörðun um aukafund í borgarstjórn eða bókuð er krafa í borgarráði um aukafund í borgarstjórn. Borgarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### VI. KAFLI

##### **Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en borgarráð.**

#### 49. gr.

##### *Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Borgarstjórn kys fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir borgarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og borgarstjórnar nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin borgarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri borgarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar.

#### 50. gr.

##### *Forsætisnefnd.*

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar. Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. málsl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsméðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.

5. Hefur umsjón með starfsemi umboðsmanns borgarbúa.
6. Setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
7. Ákveður móttökur á vegum borgarinnar.
8. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

#### 51. gr.

##### *Ad-hoc nefndir.*

Borgarráð getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils borgarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Borgarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

#### 52. gr.

##### *Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir borgarstjórnar, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að, skulu vera leyнilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarárétt í Reykjavík nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrtækja og stofnana Reykjavíkurborgar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Borgarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunárekstrum vegna nefndarsetu.

#### 53. gr.

##### *Kosning formanns – fundarboð.*

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, hafi hann ekki verið kosinn í borgarstjórn, og varaformann.

Borgarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema borgarstjórn hafi áður kosið formann. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

#### 54. gr.

##### *Skylt að sækja fundi – forföll – varamenn.*

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarféluginu, fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður hans sæti nema borgarstjórn ákveði að kjósa að nýju fulltrúa í nefndina. Þegar nefndarmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Séu aðalmaður og varamaður báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 55. gr.

##### *Fundir fyrir luktum dyrum – opnir fundir.*

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum á nefndarfundum sem fram koma hjá einstökum nefndarmönnum eða öðrum sem fundinn sitja. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndir borgarstjórnar geta ákveðið að efna til opinna funda með borgarbúum, íbúum einstakra hverfa, félögum eða hagsmunahópum öðrum þegar þær hafa til meðferðar mál sem eðlilegt þykir að fjalla um á þann hátt áður en þau eru afgreidd í viðkomandi nefnd. Fagráð sem kosin eru skv. B-lið 61. gr. skulu að jafnaði halda einn opinn fund árlega.

56. gr.  
*Fundarstjórn.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum Reykjavíkurborgar eftir því sem við á.

57. gr.  
*Verkefni – sameining.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarstjórnar fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum borgarstjórnar fyrir einstakar nefndir, ráð eða stjórnir.

Heimilt er borgarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt kveðið sé á um í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

58. gr.  
*Fullnaðarafgreiðsla.*

Í því skyni að stuðla að hagrædingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur borgarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum Reykjavíkurborgar fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 1. mgr. er borgarstjórn heimilt að fela öðrum aðilum innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar fullnaðarafgreiðslu mála. Borgarstjórn, borgarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknað eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 2. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að borgarstjórn, borgarráð eða viðkomandi nefnd, skv. samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, taki ákvörðun í máli.

Þegar borgarstjórn neytir heimildar skv. 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

59. gr.  
*Endurupptaka.*

Að uppgefnum skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint til borgarráðs.

60. gr.  
*Fundargerðir.*

Nefndir, ráð og stjórnir borgarstjórnar skulu halda gerðabækur. Ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

61. gr.  
*Staðfesting borgarráðs.*

Ef ályktanir eða tillögur þarfnað staðfestingar borgarráðs og/eða borgarstjórnar ber að taka þær fyrir sem sérstakan dagskrálið. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir borgarráð, sbr. ákvæði 64. gr. samþykktar þessarar.

62. gr.  
*Kosning í ráð.*

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

**A. Til eins árs:**

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og jafnmarga til vara.

**B. Til fjögurra ára:**

1. Sjö menn í íþrótt- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í mannréttindaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í menningar- og ferðamálaráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í skóla- og fristundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í velferðaráð og sjö til vara. Formannskjör.

Formenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu vera borgarfulltrúar eða varaborgarfulltrúar.

63. gr.  
*Kosning annarra nefnda.*

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 61. gr. kýs hún eftirtaldar nefndir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

**A. Til eins árs:**

1. Fimm menn í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm menn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sf. og fimm til vara. Formannskjör.

**B. Til fjögurra ára:**

1. Einn mann í almannavarnanefnd og two til vara.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjá menn í endurskoðunarnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
4. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
5. Fimm menn í hvert hverfisráð og fimm til vara. Formannskjör.
6. Þrjá menn í innkauparáð og þrjá til vara. Formannskjör.
7. Þrjá menn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og þrjá til vara.

**C. Kjörstjórnir:**

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi kosningalaga.

**D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:**

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

64. gr.  
*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir borgarráð og borgarstjórn til kynningar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfust staðfestingar borgarráðs eða borgarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreiddar með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárlát í för með sér skal lögð fyrir borgarstjórn eða borgarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt þessari.

65. gr.  
*Varamenn.*

Um varamenn og boðun þeirra á nefndarfundi gilda ákvæði 32. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

## 66. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við borgarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Borgarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan borgarstjórnar eða málefna-legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur borgarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Borgarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að  $\frac{2}{3}$  fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan borgarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

## 67. gr.

*Áheyrnarfulltrúar.*

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í nefnd er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þáttöku í fundum nefndar með málfræsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í við-komandi nefnd.

## 68. gr.

*Póknun.*

Borgarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Reykjavíkurborgar hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati borgarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Borgarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Reykjavíkurborgar.

## 69. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum Reykjavíkurborgar eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

## 70. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að.*

Borgarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem borgarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem Reykjavíkurborg væri ekki sjálfrí heimilt að sinna, þá er fulltrúi Reykjavíkurborgar í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum borgarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

VII. KAFLI  
**Borgarstjóri og aðrir starfsmenn Reykjavíkurborgar.**

71. gr.

*Ráðning borgarstjóra.*

Borgarstjórn ræður eða kýs borgarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana borgarstjórnar og verkefni Reykjavíkurborgar. Borgarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við borgarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími borgarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil borgarstjórnar.

72. gr.

*Hlutverk borgarstjóra.*

Borgarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hann skal sjá um að stjórnsýsla Reykjavíkurborgar samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Borgarstjóri skal sitja fundi borgarstjórnar og borgarráðs. Þar hefur hann óbundið málfrelni, til-lögurétt og rétt til bókana en ekki atkvædisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn borgarfulltrúi/borgar-ráðsmaður. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem Reykjavíkurborg skipar.

Borgarstjóri skal sjá um að fundir borgarstjórnar, borgarráðs og annarra nefnda borgarinnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu borgarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda hafi borgarstjórn ekki falið það öðrum.

Borgarstjóri er prókúruhafi Reykjavíkurborgar. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni borgarinnar prókúru að fengnu samþykki borgarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Borgarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki borgarstjórnar þarf til.

Formaður borgarráðs er staðgengill borgarstjóra. Í fjarveru formanns borgarráðs er borgarritari staðgengill borgarstjóra. Í fjarveru formanns borgarráðs og borgarritara er borgarlögmaður stað-gengill borgarstjóra.

73. gr.

*Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Borgarráð ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veitir þeim lausn frá störfum.

74. gr.

*Auglýsing starfa.*

Lausar stöður skulu auglýstar til umsóknar í samræmi við reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

75. gr.

*Réttindi og skyldur.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna eftir því sem við á.

76. gr.

*Pagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn Reykjavíkurborgar og aðrir sem borgin ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

VIII. KAFLI  
**Fjármál Reykjavíkurborgar.**  
 77. gr.

*Fjártjórnarvald borgarstjórnar.*

Einvörðungu borgarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fimm ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlunar skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

78. gr.  
*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlana.*

Borgarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu fjögur ár þar á eftir. Borgarstjóri ber ábyrgð á undirbúnungi og gerð frumvarps að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í samræmi við 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga og leggur fram í borgarráði. Borgarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun fyrir borgarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Borgarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu borgarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlunar skulu gefa glöggja mynd af rekstri Reykjavíkurborgar, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir borgarinnar. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu borgarsjóðs og stofnana borgarinnar við upphaf áætlunartímabilsins.

Borgarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

79. gr.  
*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem borgarstjórn tekur skv. 78. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu Reykjavíkurborgar. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárfamlaga eða annarrar fyrirgreiðslu borgarinnar á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema borgarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun, í þegar samþykkti áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Prátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að borgarstjórn hafi áður samþykkt viðauka enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar borgarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi borgarstjórnarinnar.

80. gr.  
*Fjármálareglur og viðmið um afkomu Reykjavíkurborgar.*

Borgarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að Reykjavíkurborg muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum

sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

### 81. gr.

#### *Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Borgarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna Reykjavíkurborgar og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkis-tryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en borgarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærra fjárhæð en 20% af skattkjum Reykjavíkurborgar yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag borgarinnar, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Reykjavíkurborgar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

### 82. gr.

#### *Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir Reykjavíkurborg, þ.e. borgarsjóð, stofnanir hennar og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar skal fullgerður og samþykktur af borgarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í borgarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Borgarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning Reykjavíkurborgar ásamt skýrslu endurskoðanda skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands eigi síðar en 20. maí ár hvert.

### 83. gr.

#### *Endurskoðun ársreikninga.*

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt þessari, samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Borgarstjórn ræður löggitlan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélagini. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðum sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

## IX. KAFLI

### **Samráð við íbúa – þátttökulýðræði.**

### 84. gr.

#### *Borgarafundir, íbúaþing, íbúakosningar o.fl.*

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúaþing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ef frá er talið lágmark þeirra sem kosningarárétt eiga í sveitarfélagini og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 8. gr.

### 85. gr.

#### *Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 20% þeirra sem kosningarárétt eiga í Reykjavíkurborg óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal borgarstjórn verða við því innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk borgarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Nr. 715

8. júlí 2013

Gildistöku 1. mgr. er þó frestað þar til borgarstjórn hefur sett reglur um framkvæmd slíkra atkvæðagreiðslna á grundvelli reglugerðar innanríkisráðuneytisins um málsmeðferð varðandi undirskriftasöfnun vegna óska um almenna atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

86. gr.  
*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 12/2007 með síðari breytingum.

*Innanríkisráðuneytinu, 8. júlí 2013.*

F. h. r.  
**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2013